




# Frumefni, efnasamband & efnablöndur



## SAMLESTUR! - Lesum saman bls. 8 - 11 og bls. 25 - 26 í Efnisheiminum í fyrsta/öðrum tíma

**1. Lestu bls. 8 (Frumefni) í Efnisheiminum. Skoðaðu síðan listann yfir frumefnin á bls. 5 í Efnisheiminum.**

- a)** Opnaðu **tilbúið docs skjal í Kjarna 1** og skráðu öll frumefnin (bæði táknið og nafnið) sem þú þekkir. Finndu líka **mynd af efnunum** og hafðu með.
- b)** Öll frumefni eiga sitt eigið tákn. Einn stór stafur eða einn stór og einn lítill stafur t.d. H (Vetni) og Na (Natrín). Hver af eftirfarandi efnum eru frumefni og hver ekki (finndu heiti þeirra á bls. 5 í Efnisheiminum): S LiH Co CO Au CH<sub>4</sub> B HCl Ag Mn
- c)** Hvað er frumefni? Útskýrðu með þínum eigin orðum og nefndu dæmi

**2. Lestu bls. 9 og bls. 25 (Efnasambönd).**

Nefndu dæmi um **þrjú** efnasambönd, skráðu bæði heiti efnasambandsins og formúluna (táknin). Skrifaðu líka hvaða frumefni eru í efnasambandinu. T.d. NH<sub>3</sub> = Ammoníak. N = nitur og H = vetni.

**3. Lestu bls. 10-11 og bls. 26 (Efnablenda).**

- a)** Nefndu dæmi um 5 efnablöndur (hér er nóg að skrifa bara nafnið).
- b)** Af hverju er kranavatn efnablenda en vatn H<sub>2</sub>O er efnasamband? Útskýrðu í heilum setningum.
- c)** Margir halda að loftið sem við öndum að okkur sé einungis súrefni, en svo er ekki. Hvaða efni eru í andrúmsloftinu? Skoðaðu töflu 1.1 á bls. 9 í bókinni Efnisheimurinn

Amboð:  
Efnisheimurinn  
og vefurinn

**KJARNI 1**  
**Einstaklings-**  
**verkefni**

**Afurð: Docs skjal sem þið vinnið á Google Classroom**